

## **Para saman tölustafi og form**

sjá myndir á næstu blaðsíðu

Hér er lýst hvernig ég gerði þetta fyrir yngstu börnin en mjög auðvelt er að útfæra þessa hugmynd á ýmsa vegu.

### **Efni:**

- fernur með sknúftappa (fékk aðstoð foreldra)
- glansmálning
- þykkt spjald eða plata til að líma á
- lím
- permanent marker penni (kaupa sem er fyrir tau, það tollir betur)

### **Aðferð:**

- klippa ca. 2 cm út fyrir hringinn á hverri fernu, mála með glansmálningu og klippa aðeins upp í á nokkrum stöðum til að auðvelda það að líma þegar málningin hefur þornað
- veja staðina á spjaldinu/plötunni og raða því sem á að nota á spjaldið en passa upp á að hafa pláss fyrir neðan hvert til að skrifa/teikna
- setja vel af lími og festa á spjaldið/plötuna
- þegar límið hefur þornað er skrifað á lokin t.d. tölustafina frá 1-10 og teiknuð nokkur algengustu formin. Fyrir neðan á spjaldinu er svo skrifaður sami tölustafur eða teiknað form

### **Leikurinn:**

- leikurinn gengur út á það að skrúfa alla tappa af og síðan para börnin tölustafina og formin með því að skrúfa tappann á sinn stað á spjaldinu

### **Útfærsla:**

- Þessi útfærsla er fyrir yngstu börnin og finnst þeim þetta gífurlega skemmtilegt. Fyrir næstu deild gerði ég stafrófið (bara hástafi) og klippti þá rétt í kringum hvern hring til að koma öllu fyrir á sama spjaldið. Ég á eftir að gera eins með tölustöfum og fyrir elstu deildina ætla ég að útbúa spjald þar sem á að para saman há- og lágstafi.

